

Drög að kennsluskra 2016-2017

LISTKENNSLUDEILD LHÍ, SKÓLAÁRIÐ 2016-17

## LISTKENNSLUDEILD

List er fyrst og fremst ferðalag einstaklinga sem þróa sjálfir sínar aðferðir til könnunar, samskipta og tjáningar, enda snýst listkennsla um að vekja áhuga, löngun og þrá nemenda til að skilja og skapa. Ógrandi og hugmyndaríkur kennari getur verið lykill að því að nemandi læri að njóta listar og/eða finni hæfileikum sínum farveg innan hennar.

Það hvernig listin er kynnt og hún numin á öllum skólastigum hefur bein áhrif á menningarlíf þjóðar þegar til lengri tíma er litið og þar af leiðandi á samfélagið í heild. Afstaða til listar og það að iðka list og neyta hennar hefur mótandi áhrif á líf manneskjunnar á afar persónulegum grundvelli. Þannig mótast listin samfélagið; ekki með utanaðkomandi boðum og bönnum heldur með umbreytingu innan frá.

Í listkennsludeild er saman kominn hópur fólks úr öllum listgreinum sem hefur það að takmarki að fræðast um og tileinka sér nýjar aðferðir við listkennslu með sem víðtækustum samfélagslegum og hugmyndafræðilegum skírskotunum.

## HELSTU ÁHERSLUR

- Afbragðsmentun fyrir verðandi listgreinakennara þar sem tekið er mið af forsendum og vinnubrögðum listgreinanna sjálfra.
- Að mæta brýnni þörf fyrir öfluga og vel menntaða listgreinakennara á öllum skólastigum.
- Frumkvæði nemenda.
- Skapa forsendur fyrir nemendur til að þróa eigin starfskenningu.
- Læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun.
- Jafnrétti til náms og að skapa beri öllum nemendum námsumhverfi og verkefni við hæfi, óháð bakgrunni, áhugasviði eða lífsskoðunum.

Nýútskrifaðir listakennarar eiga að geta farið út fyrir þægindarammann ef þarf, tekist á við verkefni framtíðar af ábyrgð, á lýðræðislegan hátt og með gagnrýnum skapandi vinnubrögðum.

## KENNSLA OG MIÐLUN SKOÐUÐ Í VÍÐARA SAMHENGI

Listamenn hafa nær undantekningarlaust fengið þjálfun í að rýna vel í viðteknar hugmyndir og staðalmyndir samfélagsins og taka afstöðu til siðferðilegra álitamála sem upp koma. Nemendur í listkennsludeild eru áfram hvattir til að rýna í og mynda sér skoðun á samspili mannsins, menningar, náttúru og velferðar, vera gagnrýnir í hugsun og mynda sér skoðun á sjálfbærni. Gagnrýnin orðræða um samfélagsmál hefur áhrif á breytt gildismat sem er forsenda sjálfbærara lífs.

Nemendur Listkennsludeildar sem fyrir eru þjálfaðir til að skapa og umskapa heiminn á eigin forsendum þjálfna áfram eigið læsi á orð, tóna, hreyfingar, myndir og kenndir. Því liggur í hlutarins eðli að í listmenntun er, auk þess að efla tilfinningu fyrir íslenskri tungu í máli og ritun, lögð sérstök rækt við læsi í víðu samhengi.

## NÁM VIÐ LISTKENNSLUDEILD

Umsækjendur skulu hafa lokið BA gráðu eða sambærilegri menntun á fræðasviði lista.

## TVÆR NÁMSLEIÐIR

Við listkennsludeild eru tvær námsleiðir:

- Tveggja ára, 120 eininga meistarnám í listkennslu til M.Art.Ed- eða MA-gráðu (einnig geta þeir sem hafa lokið þegar hafa lokið 60 eininga kennsluréttindum bætt við sig 60 eininga viðbótarnámi til M.Art.Ed- eða MA-gráðu).
- Eins árs 60 eininga diplómanám til kennsluréttinda sem einungis er í boði fyrir þá sem lokið hafa meistaragráðu í sinni listgrein.

Að námi loknu eiga nemendur að hafa þekkingu og reynslu til að geta tekið að sér listkennslu fyrir breiðan aldursþóp ásamt því að leiða listviðburði, þróunar- og listsköpunarverkefni innan skóla og stofnana. Auk almennra réttinda sem meistaragráða veitir til frekara náms og starfa fá nemendur leyfisbréf sem listgreinakennarar á grunnskólastigi og réttindi til að sækja til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi.

## ÚTSKRIFTARVERKEFNI

Lokaverkefni eru 10, 20 eða 30 einingar og geta verið í formi nýs námsefnis, skipulagningar listviðburðar, eigin listaverks eða listsköpunar þar sem aðferðum listranssóknna eða annarra rannsóknaraðferða er beitt. Verkefnin tengjast þó öll kennslu og miðlun á einhvern hátt. Mat á lokaverkefnum er í höndum sérfróðs utanaðkomandi prófdómara. Áhersla er lögð á sjálfstæð fagleg vinnubrögð, skapandi nálgun, gagnrýna hugsun, ígrundun á eigin frammistöðu og mótun eigin starfskenningar.

Það er markmið deildarinnar að tengja vinnu nemenda við verkefni utan skólans. Sem dæmi um slíkt hafa útskriftarverkefni verið unnin í samstarfi við Orkuveituna, Listasafn Íslands, Hlutverkasetur, Menningarmiðstöðina Hafnarborg, o.fl. Einnig er deildin í samstarfi við hátíðir á vegum Reykjavíkurborgar, Vetrarhátíð og Barnamenningarhátíð og hefur komið að verkefnum þar með ýmsu móti.

## SJÁLFSTÆÐ VERKEFNI

Nemendum gefst kostur á að vinna sjálfstæð verkefni sem þeir móta sjálfir og gefur þeim möguleika á að dýpka þekkingu sína á kennslu í sinni listgrein. Slík verkefni geta verið 2-6 einingar og er æskilegt að efnið tengist menntun og miðlun.

## FYRSTA ÁR

Á haustmíssi fyrsta árs er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum, fái innsýn í ólík hlutverk og starfsvettvang kennarans og þverfaglega listgreinakennslu, m.a. með því að kenna grunnskólanemendum á námskeiði í Listaháskólanum. Á vormíssi er lögð áhersla á kennslufræði á grunnskólastigi og farið er í vettvangsnám, með verkfærakistu kennarans, þverfaglega og skapandi vinnubrögð í brennidepli.

## ANNAD ÁR

Í upphafi annars árs hafa nemendur mótað sér sýn á lokaverkefni og unnið er markvisst að því að leggja fræðilegri og verklegri undirbyggingu þess. Lögð er áhersla á kennslufræði framhaldsskóla og nemendur fara í vettvangsnám. Á vormíssi annars árs liggur meginþungi vinnu nemenda á meistaraverkefni. Á báðum námsárum gefst nemendur kostur á að velja sér námskeið, utan skyldnámskeiða, bæði innan Listkennsludeildar sem og í öðrum deildum

skólans. Á hverju skólaári er boðið uppá nokkurn fjölda námskeiða í millideildavali á MA og BA stigi. Nemendur í listkennslu geta sótt námskeiðin og skrá sig hjá deildarfulltrúa. Nemendur í tveggja ára námi geta að hámarki tekið 6 einingar á BA stigi. Nemendur í meistaranámi fá helmings einingafjölda af námskeiðum á BA stigi. Deildafulltrúi tilkynnir um millideildaval í upphafi hvorrar annar.

## **MÆTING OG ÁSTUNDUN**

Í listkennsludeild er gerð krafa um fulla mætingu nemenda í kennslu. Til þess að standast námskeið þarf nemandi að mæta a.m.k. 80%. Ef nemandi tekur leyfi frá námi skal hann samt sem áður greiða skólagjöld.

## **EININGAFJÖLDI OG FRAMVINDA NÁMS**

Við skipulag náms við Listaháskólann er miðað við að ein eining jafngildi 25 – 30 klukkustundum í vinnu fyrir nemandann.

Nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms innan skipulagsramma skólans. Miðað er við að nemandi í fullu námki ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri.

Nemendur sem óska eftir að fá metnar einingar úr öðrum háskólum skulu sækja um það og skila inn viðeigandi gögnum strax í upphafi náms.

Til MA og M.Art.Ed. gráðu þarf að lágmarki 120 einingar. Námsframboð miðast við að nemandi fái viðurkenndar að hámarki 66 einingar fyrir eitt skólaár, en þó ekki fleiri en 132 einingar alls á öllum námstímanum. Sjá nánar í skólareglum: [http://lhi.is/media/filer\\_private/2014/08/18/skolareglur\\_2014-2015-\\_lokautgafa.pdf](http://lhi.is/media/filer_private/2014/08/18/skolareglur_2014-2015-_lokautgafa.pdf)

## **ÞJÓNUSTA**

### **ALÞJÓÐASKRIFSTOFA**

Alþjóðaskrifstofa LHÍ leggur áherslu á að aðstoða nemendur við að sækja um sem skiptinemar í erlendum samstarfsskólum. Kynningarfundir eru haldnir reglulega í deildum skólans um tækifæri til skiptináms og starfsnáms, og möguleika á styrkjum. Ennfremur aðstoðar alþjóðaskrifstofa starfsfólk skólans við að undirbúa og sækja um styrki til starfsmanna- og kennaraskipta.

Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans er staðsett á aðalskrifstofu skólans í Þverholti 11. Viðtalstími alþjóðaskrifstofu er mánudaga – fimmtudaga frá kl. 09.00 – 16.00. Auk þess hefur alþjóðafulltrúi fasta viðveru í tónlistardeild fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá kl.09.00 – 13.00 og í myndlistardeild fyrsta mánudag hvers mánaðar frá 12.00 – 16.00.

### **BÓKASAFN**

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann og er safnið stærsta listbókasafn landsins. Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og kennurum, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, diskum og nótnabókum en ekki síður að efla upplýsingalæsi nemenda og kennara með því að leiðbeina um notkun safnsins og aðstoða við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum og á vefnum.

Bókasafnið er staðsett í Laugarnesi, Sölvhólsgötu og Þverholti. Opnunartímar eru 8.30 –16.00 í öllum húsum.

## **EFNISKAUP**

Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér efni vegna náms í listkennsludeild.

## **HÚSNÆÐI OG AÐSTADA**

Listaháskóli Íslands starfar í þremur byggingum: Sölvhólsgötu 13 þar sem sviðslistadeild er til húsa auk tónlistardeildar, við Laugarnesveg 91 þar sem myndlistardeild og listkennsludeild eru staðsettar og í Þverholti 11 þar sem hönnunar- og arkitektúrdeild er auk aðalskrifstofu skólans. Nemendur geta leitað til deildarfulltrúa til að fá upplýsingar um námsferil, einingar, upplýsingar um einstök námskeið, val námsgreina og endurupptöku námskeiða. Deildarfulltrúi skráir nemendur úr valnámskeiðum, sé þess óskað af nemanda, innan þess tímaramma er gefin er upp í skólareglum. Deildarfulltrúi hefur umsjón með nemendaskránni deildarinnar og reglulegri uppfærslu þeirra, miðlar upplýsingum til kennara og nemenda, vinnur við úrlausn ýmissa verkefna og sinnir almennum skrifstofustörfum. Deildarfulltrúi sér um stundatöflugerð, skráir einkunnir, hefur umsjón með inntökuferli deildarinnar, skráningu nemenda í og úr námskeiðum og skráir námskeiðslýsingar og einingafjölda.

Skrifstofa deildarfulltrúa er á 1. hæð í Laugarnesi, norður hluta, Sími: 520 2403.

Kennarar og nemendur geta leitað til þjónustufulltrúa vegna alls þess sem snýr að húsnæðis og tækjamálum bæði hvað varðar kennslurými og verkstæði deildarinnar. Þá hefur þjónustufulltrúi umsjón með útláni á tækjum í eigu skólans, læstum skápum, lyklum o.þ.h. Móttaka gesta í samvinnu við kynningarstjóra og deildarforseta er á ábyrgð þjónustufulltrúa og deildarfulltrúa. Allir nemendur fá úthlutað nemendakorti er gengur sem lykill að skólanum. Húsnæði skólans er opið frá kl. 8-16 virka daga, en frá kl. 07-08, 16-01 og um helgar þarf að nota kortið sem lykil auk númerakóða sem nemendur fá einnig úthlutað. Frá kl. 01-08 er skólinn lokaður. Allar ferðir fólks um húsið eru rekjanlegar, mikilvægt er að nemendur hvorki láni kortin sín né kóða. Ef nemandi glatar nemendakortinu sínu þarf hann að greiða 10.000 kr. fyrir nýtt kort sem fæst ekki endurgreitt þó eldra kortið finnist aftur.

## **PRENTUN OG LJÓSRITUN**

Nemendur fá á hverri önn úthlutað prent- og ljósritunarkvóta. Ef þeir fara umfram hann er hægt að kaupa viðbótarkvóta á aðalskrifstofu í Þverholti eða hjá þjónustufulltrúa í Laugarnesi. Upplýsingar um verð og staðsetningu prentara má finna á heimasíðu skólans.

## **NETÞJÓNUSTA**

Í Listaháskólanum er þráðlaust net sem stendur öllum nemendum og gestum til boða. Við bókasafn í Laugarnesi eru einnig nettengdar almenningstölvur.

## **INNRI VEFUR OG NETFÖNG**

Við innritun í LHÍ fá allir nemendur skólans úthlutað netfangi og lykilorði til notkunar á skólanetinu MySchool. Á MySchool geta nemendur nálgast upplýsingar um námið, ásamt því að skoða einkunnir sínar og námsferil. Nauðsynlegt er að tileinka sér notkun skólanetsins og uppfæra allar persónulegar upplýsingar jafnóðum. LHÍ netföng nemenda eru mikilvæg boðleið milli skólans og nemenda sem nemendum ber að nota. Við inngang fyrir framan skrifstofu þjónustufulltrúa í Laugarnesi er tafla sem notuð er til að koma daglegum skilaboðum til nemenda. Einnig má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar á heimasíðu skólans þar sem jafnframt eru birtar fréttir af viðburðum og málefnum líðandi stundar.

## **MATSALA**

Matsala fyrir nemendur og starfsfólk í Laugarnesi er opin frá kl. 9.00-15.00 alla virka daga.

Hádegismatur er framreiddur frá kl. 12.00-13.00.

## ÚR SKÓLAREGLUM 2015–2016

Heildarreglur má finna á vefsíðu Listaháskólans.

### **Endurinnritun, mat á fyrra námi og fyrning eininga**

Fyrrverandi nemandi sem ekki hefur lokið námi getur sótt um að hefja nám við skólann að nýju og fær metin þau námskeið sem áður var lokið séu minna en fimm ár liðin frá síðustu innritun. Ef liðið hafa fleiri en fimm ár frá námi þarf að sækja sérstaklega um mat á fyrra námi og er þá tekið tillit til gildandi kennsluskrár hverju sinni. Einingar fyrnast séu fleiri en níu ár liðin frá því nemandi hætti námi. Nemendur sem óska eftir að fá metnar einingar úr öðrum háskólum skulu sækja um það og skila inn viðeigandi gögnum strax í upphafi náms. Listaháskólinn getur þannig metið nám á bakkalárstigi frá öðrum háskólum til allt að 60 eininga. (17.gr.)

### **Skólaár, kennslumisseri og brautskráning**

Skólaárið telst frá 1. ágúst til 31. júlí. Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Vorútskrift Listaháskólans fer fram í júní. Nemendur þurfa að skrá sig fyrir 15. mars. Nemendur sem ekki hafa náð tilskildum einingafjölda til að útskrifast að vori geta sótt um brautskráningu að hausti eða miðjum vetri. Sækja þarf um haustútskrift eigi síðar en 1. september og eigi síðar en 15. desember fyrir vetrarútskrift. (18.gr.)

### **Einingafjöldi og framvinda náms**

Við skipulag náms við Listaháskólann er miðað við að ein eining (ECTS) jafngildi 25–30 klukkustundum í vinnu fyrir nemandann. Miðað er við að nemandi ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri. Nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms innan skipulagsramma skólans. (19. gr.)

### **Fjarvera úr prófi**

Ef nemandi er fjarverandi úr prófi og boðar ekki forföll er litið svo á að hann hafi þreytt prófið. Nemandi á í því tilfelli ekki kröfu um endurtökupróf. (19. gr.)

### **Endurtekning á prófi eða verkefni**

Standist nemandi ekki próf eða fellur í verkefni er honum heimilt að endurtaka það. Nemandi á eingöngu rétt á endurtöku hafi hann uppfyllt mætingarskyldu. Nemandi þarf að sækja um endurtöku eigi síðar en fimm dögum eftir birtingu einkunna. Verði endurtekningu prófs ekki komið við getur deildarforseti ákveðið um sambærilegt verkefni. Standist nemandi ekki endurtökupróf eða fyrirlagt sérverkefni verður hann að þreyta námskeiðið að nýju. Hafi nemandi staðist próf/verkefni getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið/verkefnið. Heimili deildarforseti endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið eða verkefni sett fyrir. Seinni einkunnin skal gilda. (19. gr.)

### **Sjúkrapróf/verkefni**

Sjúkrapróf /verkefni skulu haldin vegna haustmisseris eigi síðar en 15. janúar og vegna vormisseris eigi síðar en 1. júní.

### **Námsframvinda**

Þegar nemandi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í próf eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef námsmatinu er þannig háttáð. Með úrsögn úr námskeiði er

nemandi þar með leystur undan þeim kröfum er varða námsmatið. Úrsögn úr námskeiði verður að tilkynna skriflega til deildarfulltrúa innan frests sem nemur þriðjungi af heildartímalengd viðkomandi námskeiðs. (22. gr.)

### **Veikindi**

Nemandi, sem vegna veikinda mætir ekki til prófs eða getur ekki lagt fram tilskilið verkefni til mats, innan þess frests sem gefinn er, skal tilkynna forföll áður en prófið hefst eða frestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað á skrifstofu skólans til staðfestingar eigi síðar en þremur dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út, annars telst nemandi hafa þreytt prófið eða tekið þátt í verkefnaskilum. Með læknisvottorði ávinnur nemandi sér rétt til sjúkraprófs, svo framarlega sem mæting hafi verið fullnægjandi í námskeiðinu.

### **Námshlé**

Nemendur geta tekið sér námshlé innan þess ramma sem reglur skólans setja um framvindu náms. Nemendur þurfa að tilkynna um námshlé á þar til gerðum eyðublöðum eigi síðar en 1. október vegna náms á haustmíssi og fyrir 1. febrúar vegna náms á vormíssi. Námshlé getur að hámarki verið eitt ár og þarf að rúmast innan þess ramma sem skólinn setur, sbr. 19. gr.

### **Meðferð mála frá nemendum**

Ef nemandi telur sig vera beittan órétti getur hann beint máli sínu í eftirfarandi farveg: Nemandi snýr sér til viðkomandi kennara, fagstjóra, deildarforseta eða námsráðgjafa sem taka málið til umfjöllunar og leita lausna á því. Uni nemandi ekki þeirri lausn skal hann senda skriflegt erindi ásamt rökstuðningi til rektors. Rektor fer yfir málið, tekur ákvörðun og nemandi fær skriflegt svar þar sem niðurstaða málsins er rökstudd. Ef nemandi sættir sig ekki við ákvörðun rektors getur hann áfrýjað til úrskurðarnefndar í réttindamálum nemenda. Úrskurðarnefnd fjallar þó ekki um einkunnir (sjá starfsreglur úrskurðarnefndar). Um ábyrgð og fyrirkomulag námsmats er vísað í 21. gr. (28. gr.)

### **Brot á lögum eða reglum skólans**

Hafi nemandi gerst sekur um brot á lögum eða reglum skólans eða að framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum nemendum er álitin ósæmileg eða óhæfileg getur rektor og/ eða viðkomandi deildarforseti veitt honum skriflega áminningu. Sé um að ræða brot sem talið er alvarlegt og stríðir gegn grundvallarforsendum starfseminnar getur rektor vikið viðkomandi nemanda úr skóla tímabundið.

### **NEMENDAFÉLAG**

Við listkennsludeild er starfrækt nemendafélag. Félagið er hagsmunafélag fyrir nemendur deildarinnar og stendur fyrir ýmsum uppákomum og skemmtunum yfir veturinn. Áherslan er lögð á að auka samskipti milli árganga deildarinnar og samskipti nemenda í öllum deildum og bæta þannig félagslíf skólans. Fulltrúar nemendafélagsins eru einnig mikilvæg rödd í skólalífinu og málsvarar nemenda deildarinnar á vettvangi fagráðs skólans, svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingar um hverjir sitja í stjórn félagsins hverju sinni má finna í Handbók nemenda á heimasíðu skólans.

### **Nemendaráð**

Nemendaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga við skólann og tengiliður nemendafélaganna við stjórnendur skólans. Nemendaráð er skipað formönnum nemendafélaga frá fimm deildum skólans. Nemendaráð tilnefnir fulltrúa nemenda í nefndir og ráð skólans.

### **HANDBÓK NEMENDA**

Fleiri hagnýtar upplýsingar má finna í handbók nemenda á vef skólans. Þ.á.m. umgengnisreglur, trúnaðar- og réttindamál o.fl.

## **KENNARAR OG STARFSFÓLK Í LISTKENNSLUDEILD**

Kristín Valsdóttir, deildarforseti og fagstjóri tónlistar  
kristin@lhi.is

Ásthildur Björg Jónsdóttir, lektor og fagstjóri sjónlista  
astajons@lhi.is

Vigdís Jakobsdóttir, aðjúnt og fagstjóri sviðslista  
vigdis@lhi.is

Dr. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir aðjúnt  
gudbjorgr@lhi.is

Gunnús Ýr Finnbogadóttir deildarfulltrúi, verkefnastjóri  
gunndis@lhi.is

Lísa Guðjónsdóttir  
Þjónustufulltrúi  
lisa@lhi.is, S: 520 2400

Óskar Vignisson  
Þjónustufulltrúi  
oskar@lhi.is, S: 520 2400

Sigurþór Heimisson Tölvuþjónusta sori@lhi.is  
Verkbeiðni tölvuþjónustu:  
verkbeidni@lhi.is

### **STUNDAKENNARAR 2016-2017**

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Ása Björk Stefánsdóttir

Bjarni Snæbjörnsson

Björgvin Ívar Guðbrandsson

Elísabet V Ingvarsdóttir

Dr. Ellen Gunnarsdóttir

Frímann Sigurðsson

Guðbjörg Daníelsdóttir

Gunnar Ben

Hugrún Þorsteinsdóttir

Ingimar Waage

Jón Bergmann Kjartansson Ransu

Karólína Stefánsdóttir

Louise Harris

Marta Hrafnisdóttir

Ólafur Oddsson

Sigríður Birna Valsdóttir

Símon Örn Birgisson

Sue Gollifer

Torfi Hjartarson

Dr. Unnur G. Óttarsdóttir

Þórey Sigþórsdóttir

Prófdómari: Dr. Rósa Gunnarsdóttir

\*listinn er birtur með fyrirvara um breytingar.



## NÁMSKEIÐSLÝSINGAR

### **Aðferðir tónlistar í kennslu**

**ALK0002MK**

2 ECTS

Skylda fyrir tónlistarfólk

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er lögð áhersla á hagnýta nálgun nemenda. Þeir kynnst fjölbreyttum leiðum til tónsköpunar, textavinnu og fjölbreyttum kennsluháttum tónlistar. Þeir kynnst hagnýtum og fjölbreyttum aðferðum tónlistarnáms og kennslu. Lögð verður áhersla á að veita innsýn í hvernig tengja má tónlist við allar námsgreinar þegar unnið er með fjölbreytt viðfangsefni og samþættingu. Námskeiðið er fyrst og fremst verklegt þar sem gerðar eru tilraunir með kennsluáðferðir tónlistar og margvísleg verkefni.

### **Hæfniviðmið:**

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- beitt hagnýtum aðferðum tónlistar í kennslu s.s. tónlistarleiki og æfingar þar sem unnið er með hljóðfæri, líkama og rödd,
- tengt náms- og kennsluefni á sviði tónlistar í kennslu við eigin starfskenningu,
- útskýrt hvenig nýta megi tónlist í daglegu starfi innan skóla bæði með tilraunum í einstökum fögum og samþættingu milli faga,
- geta beitt tónlist í þeim tilgangi að nálgast markmið mismunandi námsgreina,
- geta unnið sjálfstætt og skipulega að fjölbreyttum og skapandi viðfangsefnum tengdum tónlist.

**Námsmat:** Verkefni, þátttaka og virkni í tímum

**Umsjónarkennari:** Gunnar Ben

### **Dans, form og skapandi leiðir**

**DAN0002MK**

2 ECTS

### **Lýsing**

Námskeiðið er hugsað sem dansferðalag þar sem nemendur fá að uppgötva dansinn í sjálfum sér óháð fyrri menntun og mótun. Í fyrri hluta námskeiðsins eru nemendur leiddir í dansferðalag þar sem þeir fá að kynnst ólíkum dansformum. Í seinni hlutanum er lögð áhersla á skapandi dans þar sem nemendur fá að læra, uppgötva, rannsaka og prófa sínar hugmyndir og upplifanir. Verklegi þátturinn ræður ríkjum en fyrirlestar og umræður fá einnig rými í kennslunni.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- þekkja ólík dansform, s.s. þjóð-, list- og skapandi dans,
- þekkja dansinn sem tjáningarform og leiðir til að nýta sér hann í menntun og miðlun,
- þekkja og geta beitt ólíkum formum til að vinna á skapandi hátt með hreyfingu og dans.

**Námsmat:** Virkni, þátttaka og verkefni.

**Umsjónarkennari:** N.N.

### **Eigindlegar rannsóknaraðferðir**

**EIR0004MK**

4 ECTS

Skylda fyrir nemendur sem vinna 30 eininga MA lokaverkefni

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er farið yfir helstu aðferðir innan eigindlegra aðferða og hvenær þær eiga við. Sjónumh er sérstaklega beint að viðtölum, opnum og hálfopnum, rýnihópum, gerð viðtalsramma og úrvinnslu ganga. Áhersla er lögð á að nemendur beiti þessum aðferðum í verkefnum.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- þekkja til helstu einkenna eigindlegra rannsókna,
- hafa skilning á við hvaða aðstæður eigindlegar rannsóknir henta best,
- þekkja helstu aðferðir eigindlegra rannsóknarhefða,
- hafa unnið einfalda rannsóknaráætlun,
- geta sett fram vel mótaðar rannsóknarspurningar og skýran viðtalsramma,
- geta þemagreint inntak gagna,
- hafa þekkingu og hæfni til að meta hvaða aðferð innan eigindlegra rannsóknaraðferða á að beita við ólíkar aðstæður.

**Námsmat:** Verkefni

**Umsjónarkennari:** NN

### **Fagurfræði, skynjun og nám**

**FAG0206MK**

6 ECTS

### **Lýsing**

Í námskeiðinu kljást nemendur við fagurfræði og skynjun umhverfis í víðu samhengi. Í fyrsta hluta námskeiðsins fást nemendur við grunnhugtök í fagurfræði og fyrirbærafræði skynjunar. Hvað er fagurfræði? Hvað er fegurð? Hvernig skynjum við veruleikann? Hvað er umhverfi? Fjallað verður um manneskjuna sem tengslaveru. Hver eru tengsl sjálfsins við umhverfið? Hvernig birtast þessi tengsl í landslagshugtakinu, í fegurðarhugtakinu, í listum? Í öðrum hluta skoðum við mismunandi anga fagurfræðinnar og tengingarnar á milli þeirra. Heimspekileg fagurfræði einskorðaðist lengi við umfjöllun um listir en síðustu áratugi hafa fleiri svið orðið að umfjöllunarefni fagurfræðinga. Fjallað verður um fagurfræði náttúru og umhverfis, fagurfræði hversdagsleika, auk fagurfræði lista. Í þriðja hluta verður fjallað um tengsl fagurfræði við siðfræði og lífsgæði. Í síðasta hluta námskeiðsins verður fjallað um fagurfræðilegt uppeldi og hvernig tengja má efni námskeiðsins við hugmyndir um listkennslu og við grunnþætti aðalnámskrár; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, og sköpun. Hvernig má auka umræðu og vitund um þátt fagurfræðilegrar skynjunar í lífsgæðum okkar?

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur að geta:

- beitt grunnhugtökum í fagurfræði og fyrirbærafræði skynjunar, tekið þátt í umræðu um fagurfræði lista, náttúru, umhverfis og hversdagsleika,
- fjallað um og skilgreint fræðilega umræðu um tengsl fagurfræði og siðfræði,
- fjallað um viðfangsefni fagurfræðinnar á gagnrýninn hátt og út frá mismunandi sjónarhornum og tengt þau við listkennslufræði og við grunnþætti aðalnámskrár.

**Námsmat:** Kennsluverkefni/sýning, lestrardagbók, umræður og ritgerð

**Umsjónarkennari:** Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

**Kennarar:** N.N.

### **Frá kennslustofu til vinnustofu**

**CTS0006MK**

6 ECTS

Skylda fyrir myndlistarmenn og hönnuði á 3. misseri.

### **Lýsing**

Námskeiðið er einstaklingsmiðað þar sem nemendur takast á við sjálfstæð verkefni í myndlist og hönnun með áherslu á rannsóknarferli sem hluta af vinnuferli listamanna. Gerðar verða tilraunir með inntak verka tengdum námi og kennslu, skoðaðar verða ákveðnar vinnuaðferðir listamanna og tengsl við liststefnur og mótandi öfl á síðustu áratugum 20. aldar og í upphafi 21. aldar.

Í námskeiðinu verða einnig gerðar tilraunir með skrif í tengslum við listsköpun sem varpa ljósi á hugmyndir um eigin verk í vinnustofunni og tengsl þeirra við menntun.

Áhersla er lögð á greinandi vinnubrögð og að nemendur tengi fræði við eigin listsköpun. Áhersla er lögð á tilraunir, rannsóknarferlið og framsetningu verkefnis og virka þátttöku í umræðum.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að geta :

- sýnt frumleika, innsæi og hugmyndaauðgi við þróun og gerð eigin verka,
- fjallað um og greint vinnuaðferðir nokkurra samtímalistamanna sem tengja verk sín námi og kennslu,
- fjallað um og tengt við helstu stefnur og mótandi öfl í myndlist síðust áratuga,
- tengt fræði við eigin listsköpun,
- skrifað um eigin listsköpun.

**Námsmat:** Sjálfsmat og leiðsagnamat, þátttaka, hugmynda- og þróunarvinna og lokaverk.

**Umsjónarkennari:** Gunndís Ýr Finnbogadóttir

**Kennarar:** N.N.

### **Frá vinnustofu til kennslustofu**

**STC0002MK**

2 ECTS

Skylda fyrir myndlistarmenn og hönnuði

Tungumál: Enska

## Lýsing

Með því að skoða hugmyndir, efnistöð og málefni í samtímalist læra kennaranemar að aðlaga og túlka þessar hugmyndir í menntaumhverfi með börnum og unglingum. Ýmis umræðuefni, efnistöð og málefni hvetja til rannsóknar á ferlum, eiginleikum og túlkunarmöguleikum efniviðs af margvíslegum toga, s.s. fundnum á vettvangi og endurunnum efnum. Í námskeiðinu er miðað að því að þróa ákveðna nálgun sem líkir ekki eftir þemum, venjum, eða umhugsunarmálum samtímalistar, heldur er leitast eftir að styðja við hugmyndina um aðlögun, túlkun og merkingasköpun. Nemendur vinna með ýmis efni og skoða leiðir til nýta þann efnivið til að byggja upp og hvetja barna- og unglingahópa. Námskeiðið samanstendur af stuttum fyrirlesturum, sýnikennslu, hópavinnu, einkakennslu og praktík. Hvatningin á bak við verkefnavinnuna byggist á þeirri hugmynd að *við lifum í myndmáli okkar menningar* (Carter, 2008, p. 100).

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur nemendur að:

- hafa skoðað ferli, eiginleika og túlkunarmöguleika efnisviðs af ólíkum toga,
- hafa þróað með sér víðtæka þekkingu á ólíkum efnum og hvernig sé hægt að nota þau með skólahópum á mismunandi aldri,
- hafa þróað með sér hæfileika við notkun og aðlögun mismunandi efna, s.s. efni fundin á vettvangi og endurunnin efni til nýtingar við margvíslegar aðstæður í skólastofu eða á vinnustofu,
- hafa rannsakað efni sem notuð eru í dag í listum,
- kunna að nýta þekkingu sína og skilning á mismunandi efnivið og þemum til að aðlaga kennsluhugmyndir að mismunandi aldursþópum,
- hafa þróað með sér aðferðir til árangursríkrar skipulagningar og dreifingar efnisviðs í listsköpun, og skilja hvaða áhrif það hefur á kennslu,
- hafa uppgötvað þá margvíslegu möguleika sem felast í listrænni tjáningu barna.

**Námsmat:** Mæting, „formative portfolio”, „summative portfolio”.

Umsjónarkennari: Louise Harris

## Fræðsla fullorðinna

**FRF0206MK**

6 ECTS

## Lýsing

Lýsing verður birt síðar í Myschool.

## Hæfniviðmið

**Námsmat:**

**Umsjónarkennari:** Ása Björk Stefánsdóttir

**Kennarar:** N.N.

## Fríspuni í tónlistarkennslu

**FRI0202MK**

2 ECTS

## Lýsing

Í námskeiðinu verður fríspuni kynntur og hann skoðaður í víðu samhengi. Unnið verður með spuna söngraddar og hljóðfæris með því m.a. að skoðað hvaða hljóð líkaminn og hljóðfærið býður upp á og vinna með þau hljóð í spunavinnu. Áhersla verður lögð á æfingar með rödd og /eða hljóðfæri, þar sem hver þátttakandi vinnur með sitt hljóðfæri. Þátttakendum verða kynntar leiðir til þess að nota bæði rödd og hljóðfæri sem hljóðgerfil. Fjölbreyttar tækniæfingar verða notaðar til að þjálfra fríspuna. Spuni söngraddar/hljóðfæris og markviss hlustun verður þjálfuð bæði í hóp og í einstaklings verkefnum þar sem nemandur þjálfast í að spinna frjálst með rödd og hljóðfæri. Mikið verður lagt upp úr hlustun þar sem notast er við ákveðið kerfi til þess að meta hana. Það kerfi verður svo tengt við almenna tónlistarkennslu.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur nemendur að:

- beitt grunnþáttum spuna með rödd og/eða hljóðfæri,
- unnið með sögur, myndir og tilfinningar sem kveikjur í tónlistarspuna,
- nýtt sér hugmyndir um tíma og rúmi í spuna og byggt upp spuna með hliðsjón af þögn, upphafi og enda.

**Námsmat:** Símat þar sem áhersla er lögð á verkleg tímaverkefni og ólíkar útfærslur á spunatækni.

**Umsjónarkennari:** Marta Hrafnisdóttir

## Heimspæki menntunar

**HEM0206MK**

6 ECTS

Skylda á 2. eða 4. misseri

## Lýsing

Fjallað er um hugmyndir nokkurra helstu heimspækinga og uppeldisfrömuða Vesturlanda um nám, námskenningar og fjölbreytta kennsluhætti; hugmyndir um listuppeldi og gildi lista í skólastarfi og menntun; lífsstíl og lífsgildi í tengslum við samfélagsrýni og listkennslu og hvernig listgreinakennarar geta vakið nemendur til endurmats á lífsstíl og gildismati í gegnum listir. Jafnframt eru heimspækilegar samræður um sama efni og einnig út frá kynningu nemenda á eigin verkefnum. Nemendur fá þjálfun í notkun heimspækilegrar samræðu við kennslu.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja hvernig hugmyndir um uppeldi og menntun í vestrænum menningarheimi hafa
- kunna skil á hugmyndum nokkurra helstu heimspækinga og uppeldisfrömuða frá fornöld til nútíma,
- geta staðið fyrir máli sínu og tekið rökstudda afstöðu í umræðu um skólamál og hafa forsendur til að skilgreina og fjalla um málefni sem lúta að tengslum skóla, samfélags og samfélagsrýni,
- þekkja tengsl samfélags og námskrár við skólastarf og skólaþróun,
- hafa innsýn í gangvirki heimspækilegrar samræðu.

**Námsmat:** Símat, verkefni

**Umsjónarkennari:** Ingimar Waage og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

**Kennarar:** N.N.

## **Heiti potturinn I**

**HEP0104MK**

4 ECTS

Skylda á 1. önn.

### **Lýsing**

Í Heita pottinum er áhersla lögð á að skapa aðstæður þar sem nemendur fá tækifæri til að láta reyna á samskiptafærni sína, útsjónarsemi og listrænt og kennslufræðilegt áráði í gegnum verklegar æfingar. Mikið er lagt upp úr því að nemendur fái tækifæri til að spreyta sig sjálfir og miðli hugmyndum og þekkingu sín í milli. Áfanginn mun þannig að þó nokkru leyti mótast af því listafólki sem sækir hann hverju sinni. Efniviður og verkefni eru sótt í ýmsar áttir og í allar listgreinar en undirliggjandi markmið vinnunnar eru alltaf kennslufræðileg.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur nemendur að:

- þekkja þær áskoranir sem felast í þverfaglegri listkennslu og hafa sjálfstraust til þess að takast á við þær bæði sjálfstætt og í teymisvinnu,
- þekkja af eigin raun, fjölbreyttar skapandi kennsluaðferðir og geta beitt þeim af öryggi í eigin kennslu,
- hafa styrkt persónulega færni sína sem kennarar, t.d. í samskiptum, skipulagningu og munnlegri og líkamlegri tjáningu.

**Námsmat:** Þátttaka, virkni og verkefnaskil.

**Umsjónarkennari:** Vigdís Jakobsdóttir

## **Heiti potturinn II**

**HEP0302MK**

2 ECTS

Skylda á 2. önn

Forkröfur: Heiti potturinn I

### **Lýsing**

Nemendahópurinn vinnur lýðræðislega saman að skipulagningu viðburðar þar sem markmiðið er að miðla hugmyndum þeirra um framtíðarsýn í listkennslu út fyrir vegg Listaháskólans.

### **Hæfniviðmið**

Að loknu námskeiðinu eiga nemendur að:

- geta tjáð sig af öryggi í ræðu og riti um eigin framtíðarsýn á listkennslu í víðu samhengi,
- geta tekið virkan þátt í hugmyndavinnu og framkvæmd á viðburði sem er að einhverju leyti markvert framlag til umræðunnar um framtíðarsýn í listkennslu á Íslandi.

**Námsmat:** Verkefni og virkni

**Umsjónarkennari:** Vigdís Jakobsdóttir

## **Human Rights Education in the context of learning and teaching the Arts**

**HRE0110MK**

## **10 ECTS**

Language: English

Preliminary requirements: Good command of English.

### **Learning outcomes**

At the end of the course students should:

- Know international and national human rights standards.
- Know definitions of HRE.
- Know methods for teaching HRE.
- Know international and national laws and policies supporting HRE.
- Be able to design and develop a HRE approach; programme; course; lesson or learning activity.
- Be able to assess human rights education activities.
- Be aware of challenges to HRE.

### **Description**

The course has been designed in response to the introduction of human rights as one of the six fundamental curriculum pillars into the 2011 national curriculum guides. The course will introduce the international field of human rights education (HRE), including presentations of programming approaches, teaching and learning resources, and related theory. The international field will be discussed in relation to the national context, and draw on HRE research to discuss issues and challenges faced by educators engaging to address human rights. The course will draw on participant experience through reflective and critical pedagogy to move towards the development of a syllabus, a training session, or a personal or staff development plan to use the knowledge and skills acquired to further their own institution's advocacy efforts and/or approach to working with human rights.

Assessment: Peer reviews, presentations, participation and assignments.

Supervisor: Susan Gollifer

Teachers: NN

### **Kennarastarfið**

**KEN0206MK**

6 ECTS

Skylda á 1. önn

### **Lýsing**

Á námskeiðinu fléttast annars vegar saman þættir og fræði er varða skilgreiningu á hlutverki og starfsvettvangi kennarans og hins vegar praktískir hlutir er lúta að undirbúningi og skipulag kennslu og kennsluaðferða. Fjallað verður um „verkfærakistu“ kennarans, þróun fagvitundar, hlutverk listgreinakennarans í skólastarfi og samfélaginu. Nemendur velta spurningum tengdum þessu fyrir sér og skoða eigin hugmyndir og reynslu í samhengi við lesefni og efni fyrirlestra.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja ólíkar kennsluaðferðir og geta metið við hvaða aðstæður og hvernig þeim er beitt,

- geta unnið markvissa, raunhæfa en sveigjanlega kennsluáætlun í sinni listgrein,
- þekkja helstu námsmatsaðferðir, geta notað þær og gera sér grein fyrir því hvað helst þarf að hafa í huga þegar þær eru notaðar,
- hafa myndað sér skoðun á eigin styrkleikum og veikleikum í starfi og lagt drög að eigin starfskenningu,
- þekkja til hugmynda um fagmennsku og kennarann sem leiðtoga.

**Námsmat:** Þátttaka, virkni og verkefnaskil

**Umsjónarkennari:** Ingimar Ólafsson Waage

**Kennarar:** N.N.

## **Kennslufræði dans I**

**KED0105MK**

10 ECTS

Skylda fyrir dansara á 2. önn

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er fjallað um stöðu dansins í íslensku skólakerfi. Dans í aðalnámskrá grunnskóla er tekin til viðmiðunar við gerð náms- og kennsluáætlana. Áhersla er lögð á mikilvægi markmiðssetningar í kennslu og kynntar kennsluáðferðir út frá mismunandi hugmyndafræði. Rík áhersla er lögð á þjálfun í miðlun, uppbyggingu og framsetningu kennslu. Kennslan er í formi fyrirlestra, umræðna og kynningar. Verkstæðisvinna skipar töluverðan sess og þar kynnast nemendur fjölbreyttum aðferðum við danskennslu í gegnum eigin virkni og vinnu. Í námskeiðinu fara kennaranemar í vettvangsnám og skólaheimsóknir í grunn- og dansskóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir fá innsýn í skólastarfið og kynnast fjölbreyttum áherslum skólanna. Í vettvangskennslunni þjálfast kennaranemar í undirbúningi og framkvæmd kennslu og umgengni við nemendur undir leiðsögn vettvangskennara.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- þekkja innihald námskrár í dansi fyrir grunnskóla og geta haft hana til hliðsjónar við
- markmiðssetningu og áætlanagerð,
- þekkja til strauma og stefna ólíkra kennismiða, hugmyndafræði og aðferða í dansi,
- þekkja og geta beitt í orði og riti margs konar hugtökum sem tengjast faginu,
- geta undirbúið og skipulagt fjölbreytta danskennslu fyrir hópa á grunnskólaaldri,
- geta beitt þekkingu sinni og leikni til að skapa dansa fyrir grunnskólanemendur sem og hvetja þá til eigin danssköpunar,
- hafa þróað með sér hugmyndir um eigin starfsleiðir sem danskennarar.

**Námsmat:** Símat og verkefni. Til að standast námskeiðið þarf nemandi að ljúka vettvangsnámi.

**Umsjónarkennari:** NN

**Kennarar:** N.N.

## **Kennslufræði dans II**

**KED0210MK**

10 ECTS

Skyldunámskeið fyrir dansara



Forkröfur: KED0110MK

### Lýsing

Fjallað er um stöðu og þróun danslistar sem kennslugreinar í íslenskum framhaldsskólum og í víðara samhengi. Hlutverk listdanskennarans á framhaldsskólastigi er skoðað. Hvað getum við lært af reynslu annarra þjóða á þessu sviði? Áhersla er lögð á námsefnisgerð, framtíðarsýn, viðmið og aðferðir við að meta árangur í dansnámi. Á námskeiðinu fara kennaranemar í æfingakennslu og heimsóknir í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í vettvangsnáminu þjálfast kennaranemar í að undirbúa og annast kennslu og umgangast nemendur undir leiðsögn viðtökukennara.“ Varpa þessu bara fram til umhugsunar. Kennaranemar vinna verkefni í tengslum við heimsóknir í skólana. Námskeiðið er kennt á íslensku en lesefni er að miklu leyti á ensku.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja inntak og hugmyndir að baki námskrá fyrir framhaldsskóla í danslist og hafa þær til hliðsjónar við gerð áfangalýsinga og þemaverkefna,
- þekkja inntak og hugmyndir viðmiða í listgreinakennslu á framhaldsskólastigi og getað lagað þau að danslistinni,
- þekkja grunnhugmyndir og aðferðir við námsmat í danslist og nýta þær við gerð áfangalýsinga,
- vera færir um að skipuleggja dansáfangi á framhaldsskólastigi, með raunhæfum hæfniviðmiðum, vali á kennsluáferðum og námsmatsleiðum,
- þekkja stöðu danslistar og danskennslu í íslenskum framhaldsskólum, hafa mótað sér sjálfstæða skoðun um hana og geta tjáð sig um hana af öryggi,
- hafa tileinkað sér fjölbreyttar kennsluáferðir og geta beitt þeim, miðlað og lagað að aðstæðum,
- hafa mótað með sér skoðun á því hvernig stuðla megi að framþróun í listdanskennslu á framhaldsskólastigi.

**Námsmat:** Skrifleg verkefni og kynningar. Til að standast námskeiðið þarf nemandi að ljúka vettvangsnámi.

**Umsjónarkennari:** N.N.

**Kennarar:** N.N.

### Kennslufræði leiklistar I

**KEL0110MK**

10 ECTS

Skylda fyrir sviðslistafólk

### Lýsing

Í námskeiðinu kynnast nemendur hugmyndafræði og sögu leiklistarkennslu, helstu kennismiðum í greininni og aðferðum. Þeir taka þátt í virkum umræðum um hlutverk leiklistarkennarans og leiklistar í íslenskum skólum. Þá fá nemendur tækifæri til þess að takast á við markmiðssetningu, hæfniviðmiðagerð og námsmat í leiklistarkennslu í raunhæfum verkefnum. Mikilvægur hluti námskeiðsins er æfingakennsla í grunnskóla auk skólaheimsókna. Í æfingakennslunni þjálfast kennaranemar í undirbúningi og framkvæmd kennslu og umgengni við nemendur undir leiðsögn æfingakennara.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta skipulagt kennslu í leiklist með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla,
- geta fjallað um helstu kenningar og rannsóknir á sviði leiklistarkennslu og beitt þeim við rökstuðning á eigin kennsluskipulagi,
- geta sagt frá eigin starfskenningu og rökrætt hana út frá bæði fræðilegu og hagnýtu sjónarmiði,
- geta beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum í leiklist,
- geta beitt fjölbreyttum aðferðum við námsmat í leiklist,
- geta skipulagt kennslu yfir lengri tíma þar sem stígandi í leiklistarnáminu er höfð að leiðarljósi,
- geta miðlað hugmyndum um kennslufræði leiklistar í töluðu og rituðu máli,
- geta ígrundað og metið, á faglegum grunni, eigin frammistöðu í kennslu á vettvangi,
- geta sýnt fram á að hafa kortlagt eigin fagþekkingu í leiklist og mótað sér persónulega stefnu varðandi símenntun í faginu.

**Námsmat:** Skrifleg verkefni og verklegar kynningar. Til að standast námskeiðið þarf nemandi að ljúka vettvangsnámi.

**Umsjónarkennari:** Vigdís Jakobsdóttir

**Kennarar:** N.N.

## Kennslufræði leiklistar II

**KEL0210MK**

10 ECTS

Skylda fyrir sviðslistafólk

Forkröfur: KEL0110MK

### Lýsing

Fjallað er um stöðu og þróun leiklistar sem kennslugreinar í íslenskum framhaldsskólum og í víðara samhengi. Hlutverk leiklistarkennarans á framhaldsskólastigi er skoðað. Hvað getum við lært af reynslu annarra landa á þessu sviði? Áhersla er lögð á námsefnisgerð, framtíðarsýn, markmiðssetningu og aðferðir til að meta árangur í leiklistarnámi. Í námskeiðinu fara kennaranemar í æfingakennslu og skólaheimsóknir í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í æfingakennslunni þjálfast kennaranemar í undirbúningi og framkvæmd kennslu og umgengni við nemendur undir leiðsögn æfingakennara. Kennaranemar vinna verkefni í tengslum við heimsóknir í skólana.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta rætt stöðu leiklistar og leiklistarkennslu í íslenskum framhaldsskólum af þekkingu og öryggi,
- hafa á valdi sínu fjölbreyttar kennsluaðferðir í leiklist fyrir eldri nemendur,
- geta skipulagt kennslu yfir lengri tíma þar sem stígandi í leiklistarnáminu er höfð að leiðarljósi,
- vera færir um að skipuleggja fræðilegan og verklegan leiklistaráfanga á framhaldsskólastigi,
- með raunhæfum markmiðum/hæfniviðmiðum, vali á kennsluaðferðum, námsefni og námsmatsleiðum,

- geta fært skýr fræðileg rök fyrir kennsluskipulagi sínu í leiklist.

**Námsmat:** Skrifleg verkefni og kynningar. Til að standast námskeiðið þurfa nemendur að ljúka vettvangsnámi.

**Umsjónarkennari:** Vigdís Jakobsdóttir

**Kennarar:** N.N.

## **Kennslufræði sjónlista I**

**KES0110MK**

10 ECTS

Skylða fyrir myndlistarmenn og hönnuði

### **Lýsing**

Á námskeiðinu verða kynntar ólíkar aðferðir við að miðla sjónlistum. Skoðuð verða ólík sjónarhorn, hugmyndafræði, aðferðir, frumkvöðlar og kenningar í tengslum við umræður um þróun, stöðu og hlutverk sjónlistakennara og sjónlista í skólum. Áhersla verður lögð á mikilvægi markmiðssetningar í kennslu og fjölbreytilegar kennsluáðferðir kynntar ásamt gerð náms- og kennsluáætlana og ólíkum námsmatsaðferðum. Á námskeiðinu fara kennaranemar í vettvangsnám og skólaheimsóknir þar sem þeir fá innsýn í starf grunnskólanna og kynnast fjölbreyttum áherslum þeirra. Kennaranemar vinna verkefni í tengslum við heimsóknir í skólana. Í vettvangskennslunni þjálfast kennaranemar í undirbúningi og framkvæmd kennslu og umgengni við nemendur undir leiðsögn viðtökukennara.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast skilning og yfirsýn yfir möguleika sjónlistakennslu, bæði hagnýta og hugmyndafræðilega,
- þekkja innihald námskrár í sjónlistum fyrir grunnskóla og geta haft hana til hliðsjónar við markmiðssetningu og áætlanagerð,
- hafa þjálfast í gerð kennsluáætlana, verkefna og markmiðssetningar og í námsmati,
- þekkja ólíka strauma og stefnur í sjónlistakennslu, helstu kenningar og rannsóknir á sviðinu og geta myndað sér sjálfstæða skoðun á þeim,
- geta beitt ólíkum kenningum og hugmyndafræði sjónlista við gerð kennsluverkefna og áætlana,
- þekkja og geta beitt í orði og riti margs konar hugtökum sem tengjast faginu,
- geta rökstutt vinnu við fræðileg, skapandi og hagnýt verk sem tengjast listgreinakennslu á grunnskólastigi,
- geta tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á kennslufræðilegum grunni, m.a. með gerð kennsluáætlana,
- geta tengt inntak áfangans við aðrar námsgreinar með skriflegum verkefnum tengdum lesefni,
- geta skipulagt, metið og annast listtengda kennslu í grunnskóla,
- geta nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi sem tengist kennslu og miðlun,
- þekkja grunnhugmyndir og aðferðir við námsmat í kennslu sjónlista,
- geta unnið í hópi þar sem tekið er tillit til ólíkra hugmynda og fjölbreytileika úrlausna.

**Námsmat:** Símat, ferilmappa og verkefni. Til að standast námskeiðið þarf nemandi að ljúka

vettvangsnámi.

**Umsjónarkennari:** Ásthildur Björg Jónsdóttir

**Kennarar:** N.N.

## **Kennslufræði sjónlista II**

**KES0210MK**

10 ECTS

Skylda fyrir myndlistarmenn og hönnuði

Forkröfur: KES0110MK

### **Lýsing**

Fjallað verður um stöðu og þróun myndlistar og hönnunarkennslu í framhaldsskólunum á Íslandi. Fjallað verður um námskrár og námsskipulag, kennsluaðferðir og gerð hæfniviðmiða með áherslu á starf framhaldsskólans. Farið verður yfir íslenskt og erlent grunnefni um sjónlistir skoðaðar verða námsmatskenningar og aðferðir, í skólum og stökum námskeiðum. Á námskeiðinu fara kennaranemar í vettvangsnám og skólaheimsóknir í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir fá innsýn í skólustarf framhaldsskólanna og kynnast fjölbreyttum áherslum skólanna. Kennaranemar vinna verkefni í tengslum við heimsóknir í skólana. Í vettvangsnáminu þjálfast kennaranemar í undirbúningi og framkvæmd kennslu og umgengni við nemendur undir leiðsögn viðtökukennara.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja til uppbyggingar námskrár í íslenskum framhaldsskólum og geta nýtt sér hana við skipulag kennslu,
- geti rætt stöðu sjónlista og hönnunar í íslenskum námskrám fyrir framhaldsskóla.
- hafa íhugað hlutverk kennarans frá ýmsum sjónarhornum og líti til framtíðar
- hafa kynnt sér strauma og stefnur í sjónlistarkennslu, helstu kenningar og rannsóknir á sviðinu og myndi sér sjálfstæða skoðun á þeim,
- geta útbúið námsefni og námsmatsviðmið,
- hafa íhugað og myndi sér skoðun á því hvernig tryggja megi framþróun sjónlistarkennslu í framhaldsskólum og í víðara samhengi,
- geta beitt þekkingu sinni og færni til að undirbúa og skipuleggja kennslu, skrásetja niðurstöður, verkefni eða viðburði á viðeigandi hátt
- geta skipulagt kennslu fyrir a.m.k. eina önn, fyrir nemendur á framhaldsskólastigi, þar
- geta miðlað niðurstöðum sínum og hugmyndum á skýran hátt eftir eðli verkefnis.
- hafa hæfni til að ígrunda og meta eigin frammistöðu.

**Námsmat:** Verkefni

**Umsjónarkennari:** Ásthildur Jónsdóttir

**Kennarar:** N.N.

## **Kennslufræði tónlistar I**

**KET0110MK**

10 ECTS

Skylda fyrir tónlistarfólk

## Lýsing

Fjallað er um þróun og stöðu tónmennta í íslensku skólakerfi. Ólíkar nálganir, hugmyndafræði og helstu aðferðir í faginu eru skoðaðar og kynntir frumkvöðlar á því sviði. Áhersla er lögð á mikilvægi markmiðssetningar í kennslu og kynntar fjölbreytilegar kennsluáðferðir ásamt gerð náms- og kennsluáætlana og ólíkum námsmatsaðferðum. Rík áhersla er lögð á þjálfun í miðlun, útsetningum og fjölbreyttum praktískum leiðum í skapandi tónmenntakennslu. Á námskeiðinu fara kennaranemar í vettvangsnám og heimsóknir í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir fá innsýn í starfið og kynnast fjölbreyttum áherslum skólanna. Í vettvangskennslunni þjálfast kennaranemar í undirbúningi og framkvæmd kennslu og umgengni við nemendur undir leiðsögn viðtökukennara.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja innihald námskrár í tónmennt fyrir grunnskóla og geta haft hana til hliðsjónar við markmiðssetningu og áætlanagerð,
- þekki til helstu kenninga, ólíkrar hugmyndafræði og nálgunarleiða í tónmenntakennslu og geta beitt þeim við greiningu og skipulag verkefna,
- geta beitt í orði og riti margs konar hugtökum sem tengjast faginu,
- geta tengt viðfangsefni og fræði við eign reynslu og fyrri þekkingu í faginu,
- geta undirbúið og skipulagt fjölbreytta tónmenntakennslu fyrir hópa á grunnskólaaldri, m.a. með gerð kennsluáætlana, markmiðssetningu og námsmati,
- geta beitt þekkingu sinni og leikni til að útbúa eigin útsetningar við lög eða frumsamið fyrir skólahljóðfæri,
- geta ígrundað og metið, á faglegum grunni, eigin frammistöðu í kennslu á vettvangi.

**Námsmat:** Símat og verkefni. Til að standast námskeiðið þarf nemandi að ljúka vettvangsnámi.

**Umsjónarkennari:** Kristín Valsdóttir

Kennari: N.N.

## Kennslufræði Tónlistar II

**KET0210MK**

10 ECTS

Skylda fyrir tónlistarfólk

Forkröfur: KET0110MK

## Lýsing

Fjallað er um námsefni og námskrár fyrir framhaldsskólastigið – bæði frimhaldsskóla og tónlistarskóla. Skoðaðar eru námsmatskenningar og aðferðir við námsmat í tónlist og rýnt í rannsóknir á tónlistarkennslu. Einnig verður unnið með skapandi leiðir í tónlistarkennslu. Nemendur munu fá einkatíma í hljómborðsleik yfir alla önnina til að þjálfast undirstöðuatriði einfalds undirleiks. Á námskeiðinu fara kennaranemar í vettvangsnám í framhaldsskóla og /eða tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem þeir fá innsýn í skólustarfið og kynnast fjölbreyttum áherslum skólanna. Kennaranemar vinna verkefni í tengslum við heimsóknir í skólana. Í vettvangsnáminu þjálfast kennaranemar í undirbúningi og framkvæmd kennslu og umgengni við nemendur undir leiðsögn viðtökukennara. Nemendur munu einnig fá þjálfun í hljómborðsleik.

## Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja til uppbyggingar námskrár í íslenskum framhalds- og tónlistarskólum og geta nýtt sér hana við skipulag kennslu,
- geta rætt stöðu tónlistar og tónlistarkennslu á framhaldsskólastigi (í íslenskum framhaldsskólum og tónlistarskólum) af þekkingu og öryggi,
- hafa kynnt sér strauma og stefnur í tónlistarkennslu og rannsóknir á sviðinu og myndað sér sjálfstæða skoðun á þeim í umræðum og skrifum,
- hafa íhugað og myndað sér skoðun á því hvernig tryggja megi framþróun/uppbyggingu tónlistarkennslu á framhaldsskólastigi og fært rök fyrir henni,
- geta útbúið námsefni og námsmatsviðmið,
- geta skipulagt kennslu fyrir a.m.k. eina önn, fyrir nemendur á framhaldsskólastigi, þar sem stígandi í náminu er hafður að leiðarljósi,
- hafa hæfni til að ígrunda og meta eigin frammistöðu,
- geta spilað einfaldan undileik við söng á hljómborð.

**Námsmat:** Verkefni

**Umsjónarkennari:** N.N.

**Kennarar:** N.N.

### **Leikgerð**

**LEG0202MK**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu kynnast nemendur ferlinu við það að vinna leikgerð út frá skáldsögu og/eða öðrum prósa. Spurt er hvað einkennir skáldsögur sem henta vel til sviðsetningar í leikhúsi. Nemendur takast á við verklegar æfingar tengdar leikgerðavinnu undir handleiðslu kennara.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur að geta:

- sagt frá helstu einkennum góðrar leikgerðar,
- beitt fleiri en einni leið við þróun og mótun leikgerðar,
- geta að einhverju leyti greint hvaða skáldverk henta vel til sviðssetningar.

**Námsmat:** Virkni og verkefni.

**Umsjónarkennari:** Símon Örn Birgisson

### **Leiklistarmeðferð**

**LLM0204MK**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu fá nemendur innsýn í uppruna, kenningar og aðferðir leiklistarmeðferðar í gegnum stutta fyrirlestra, umræður og þátttöku í verkefnum og æfingum. Sérstök áhersla verður lögð á hlutverkaaðferðina og notkun frávarps innan hennar (e. Projective Techniques). Nemendur munu sjálfir fá að upplifa leiklistarmeðferð og þá möguleika sem hún hefur. Í leiklistarmeðferð eru aðferðir leiklistar notaðar til að hjálpa fólki að öðlast betri skilning á sjálfum sér og umhverfi sínu og til að hvetja til breytinga. Leiklistarmeðferð hefur verið notuð með góðum árangri með ólíkum hópum í mörg ár t.d. á geðdeildum,

meðferðarheimilum, í fangelsum, á elliheimilum, í skólum og á einkareknum meðferðarstofum.

*“Unlike talk therapy, drama therapy gets there really fast. Role-playing –acting out issues and problems – is more effective than talking” – Robert Landy, Director*

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að geta:

- gert grein fyrir sögu og helstu aðferðum leiklistarmeðferðar,
- skilgreint áherslur helstu kenningarsmiða í leiklistarmeðferð,
- beitt hugtakinu frávarp og skilgreint hvernig það er notað í leiklistarmeðferð,
- þekkt möguleika hlutverkaaðferðarinnar í leiklistarmeðferð,
- beitt hugtakinu fjarlægð (e. distancing) í tengslum við leiklistarmeðferð.

**Námsmat:** Virkni, þátttaka og verkefni.

**Kennari:** Sigríður Birna Valsdóttir

### **Leikstjórn með ungu fólki**

**LST0002MK**

4 ECTS

### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður veitt innsýn í starf leikstjórans í gegnum verklegar æfingar og hópvinnu. Nemendur fá tækifæri til þess að sviðsetja stuttar senur undir leiðsögn atvinnuleikstjóra. Sérstök áhersla verður lögð á aðferðir sem hæfa vinnu með börnum og ungu fólki.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- skilja hvað starf leikstjórans með börnum og ungu fólki felur í sér,
- hafa nægilega góð tök á einföldum leikstjórnaraðferðum til þess að geta beitt þeim við uppsetningu styttri sýninga með ungu fólki,
- geta beitt þekkingu sinni á sjálfstæðan og skapandi hátt.

**Námsmat:** Þátttaka, virkni og verkefnaskil

**Umsjónarkennari:** Bjarni Snæbjörnsson

**Kennarar:** NN

### **Listin að halda fyrirlestur: Rödd, áheyrileiki og framkoma**

**FYR0202MK**

2 ECTS

### **Lýsing**

Námskeið í frásagnartækni og fyrirlesturum. Námskeiðið er sjálfstætt framhald af þeim tæknilega grunni sem lagður var í áfanganum *Rödd, spuni tjáning*. Í námskeiðinu er lögð áhersla á að þróa persónulegan frásagnarstíl hvers þátttakanda. Þátttakendur fá þjálfun í framsögn í gegnum verklegar æfingar, öndun, raddæfingar og fjölbreytta fyrirlestra.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur að geta:

- komið fram af öryggi og tjáð sig fyrir framan hóp,
- undirbúið og sett fram mismunandi kynningar með faglegri framkomu,
- nýtt sér hjálpartæki (skjávarpa, fjarstýringar, hljóðnema o.fl) við flutning fyrirlestra,
- nýtt sér fjölbreyttar leiðir til að vinna með stress og kvíða.

**Námsmat:** Sjálfsmat, jafningjamat og leiðsagnarmat.

**Umsjónarkennari:** Þórey Sigþórsdóttir

**Kennarar:** N.N.

## Listir og menning

**LIM0006MK**

6 ECTS

### Lýsing

Námskeiðið er menningarfræðilegt og fjallað verður um stöðu lista og menningar í samfélaginu, með sérstöku tilliti til sögulegs samhengis. Áherslan hvílir annars vegar á þverfagleika, samspili listgreina og fræðigreina, og hins vegar á viðtökum, upplifun og túlkun listar og menningar í sögulegu og menningarlegu samhengi. Ætlunin er að nota til umræðna sem mest af dæmum úr samtímanum og leita að leiðum fyrir verðandi kennara til að miðla umfjöllun og upplifun á listum og menningu til nemenda.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa þekkingu á og geta rökstutt framsetningu sína á mikilvægum umræðuefnum menningarsögu, fagurfræði og menningarfræði,
- geta sett þekkingu sína í menningarsögu, fagurfræði og menningarfræði í fræðilegt samhengi og miðlað henni,
- vera færir um að skipuleggja, og fylgja eftir af innsæi, rannsókn á margbreytileika og forsendum menningarsögu, fagurfræði og menningarfræði,
- geta tjáð sig á skýran, ábyrgan og gagnrýninn hátt um eigin verkferli, rannsóknarforsendur og niðurstöður,
- hafa öðlast þjálfun og færni í fræðilegri greiningu á afmörkuðum þáttum menningarsögu, fagurfræði og menningarfræði,
- geta hagnýtt sér í kennslu sérhæfða þekkingu, leikni, aðferðir og kunnáttu í menningar- og fagurfræðilegum rannsóknaraðferðum.

**Námsmat:** Verkefni, þátttaka og virkni

**Umsjónarkennari:** Jón Bergmann Kjartansson – Ransu

**Kennarar:** N.N.

## Listir og samfélag

**L&S04-06MK / L&S0002MKv**

4 eða 6 ECTS

### Lýsing

Í námskeiðinu verður aðaláhersla lögð á að víkka hugmyndir nemenda um miðlun menningar utan helfðbundins kennslurýmis, nýjar leiðir í listkennslu og finna þeim farvegi í



samfélaginu. Nemendur rannsaka ólíkar stofnanir, rými og söfn sem tengja má menningarmiðlun og skoða og ræða ólíkar miðlunarleiðir þeim tengdum.

**2 viðbótareiningar:** Nemendum gefst kostur á að vinna tveggja eininga verkefni á vettvangi og bæta þeim við einingarnar fjórar sem felast í námskeiðinu sem lýst er að ofan. Verkefnið felst í verklegri útfærslu á lokaverkefni áfangans.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur nemendur að:

- geta nýtt í kennslu þær stofnanir og þann vettvang sem tengja má við menningu,
- geta beitt í kennslu helstu aðferðum í miðlun menningar- og menningararfs,
- geti beitt ólíkum aðferðum og/ eða leiðum til miðlunar þekkingar á menningu,
- geti sett fram á skýran hátt áætlun um miðlun afmarkaðs efnis.

**Námsmat:** Símat og verkefni

**Umsjónarkennari:** Ellen Gunnarsdóttir

**Kennarar:** N.N.

### **Listmeðferð í námi I**

**LMN1144Lv**

4 ECTS

### **Lýsing**

Í námskeiðinu öðlast nemendur innsýn í kenningar og aðferðir listmeðferðar. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, umræðum og vinnustofum þar sem nemendur upplifa sköpunarferlið og þann möguleika sem það gefur. Þekking á eigin myndmáli eykur sjálfsmeðvitund og möguleika á að koma öðrum til hjálpar þegar vandi steðjar að. Í námskeiðinu eru kynntar myndsköpunaraðferðir sem efla sköpunargáfu, styrkja sjálfsmynd, mynda tengsl, auka félagsfærni, efla sjálfsþekkingu og bæta líðan. Kynntar eru hugmyndir, kenningar og aðferðir til að nýta listmeðferð í tengslum við nám.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja grunnkenningar og aðferðir listmeðferðar,
- þekkja aðalatriði sögu listmeðferðar,
- þekkja myndsköpunaraðferðir sem efla sköpunargáfu, styrkja sjálfsmynd, stuðla að tengslum, auka félagsfærni og bæta líðan,
- hafa kynnst sjálfum sér í gegnum eigið myndmál,
- geta greint hvernig vandi, tilfinningar, hugsanir og aðstæður eru tjáðar í myndverkum,
- geta nýtt sér möguleika sem liggja í að mynda tengsl með listsköpun,
- hafa möguleika á að nýta listmeðferð í tengslum við nám.

**Námsmat:** Þátttaka og verkefnaskil

**Umsjónarkennari:** Unnur G. Óttarsdóttir

**Kennarar:** N.N.

### **Lokaverkefni M.Art.Ed.**

**LOK1030MK**

10, 20 eða 30 ECTS

Forkröfur: Að hafa lokið öðrum skyldunámskeiðum í meistaranáminu

### Lýsing

Lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Þar fá nemendur svigrúm til að dýpka þekkingu sína á völdu áhugasviði og sýna fram á hæfni og kunnáttu til að halda utan um stærri verkefni. Í lokaverkefni sýnir nemandi að hann hafi vald á vinnubrögðum og aðferðum sem hann kys að beita, ásamt þekkingu og færni til að skapa afurð sem hefur fræðilegt og/eða hagnýtt gildi á sviði listkennslu og miðlunar. Lokaverkefnið er þannig mikilvægur hluti af þjálfun nemandans sem kennara, leiðtoga og sérfræðings á sínu listsviði. Val viðfangsefnis og úrvinnsla þess er á ábyrgð nemenda í samráði við umsjónarmann meistaraverkefna og leiðbeinanda. M.Art.Ed lokaverkefni er ekki skilgreint sem rannsóknarverkefni og því er ekki gerð krafa um að nemendur vinni að frumrannsókn. Þess er krafist að verkefni sé gagnrýnið og því skal í allri nálgun gæta að fræðilegum vinnubrögðum og viðkenndum aðferðum við vinnslu þess og framsetningu.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

1. geta beitt kenningum, hugmyndafræði, hugtökum og aðferðum á sviði kennslufræða með fræðilegum rökum og útfærslu við vinnslu lokaverkefnis,
2. hafa tileinkað sér viðurkennd fræðileg vinnubrögð,
3. geta nýtt þekkingu sína til faglegrar nálgunar við gerð meistaraverkefnis,
4. hafa tileinkað sér þau vinnubrögð, sem eru viðurkennd í kennslu listgreina, og geta beitt þeim á persónulegan hátt á faglegum grunni í meistaraverkefni sínu,
5. hafa getu og hæfni til að meta og greina vísindaleg gögn,
6. vera læsir á rannsóknir á sviðum kennslu og lista og niðurstöður þeirra,
7. hafa hæfni til að ígrunda og meta eigin frammistöðu,
8. geta beitt þekkingu sinni og færni til að skrásetja niðurstöður, verkefni eða viðburði á viðeigandi hátt,
9. geta beitt færni sinni og miðlað niðurstöðum sínum og hugmyndum á skýran hátt eftir eðli verkefnis.

**Námsmat:** Utanaðkomandi prófdæming og matsfundur

**Umsjónarkennari:** Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

**Kennari:** Viðkomandi leiðbeinandi

### Lokaverkefni MA

**LOK3030MK**

30 ECTS

Forkröfur: Að hafa lokið öðrum skyldunámskeiðum í meistaranáminu

### Lýsing

Lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Þar fá nemendur svigrúm til að dýpka þekkingu sína á völdu áhugasviði og sýna fram á hæfni og kunnáttu til að halda utan um stærri verkefni. Í lokaverkefni sýnir nemandi að hann hafi vald á vinnubrögðum og aðferðum sem hann kys að beita, ásamt þekkingu og færni til að skapa afurð sem hefur fræðilegt og/eða hagnýtt gildi á sviði listkennslu og miðlunar. Lokaverkefnið er þannig mikilvægur hluti af þjálfun nemandans sem kennara, leiðtoga og sérfræðings á sínu listsviði. Val viðfangsefnis og úrvinnsla þess er á ábyrgð nemenda í samráði við umsjónarmann meistaraverkefna og leiðbeinanda. MA lokaverkefni er skilgreint sem rannsóknarverkefni og því gerð krafa um að nemendur vinni að

frumrannsókn. Gerð er krafa á að verkefnið sé gagnrýnið og því skal í allri nálgun, gæta að fræðilegum vinnubrögðum og viðurkenndum aðferðum við vinnslu þess og framsetningu.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

1. geta beitt kenningum, hugmyndafræði, hugtökum og aðferðum á sviði kennslufræða með fræðilegum rökum og útfærslu við vinnslu lokaverkefnis,
2. hafa tileinkað sér viðurkennd fræðileg vinnubrögð,
3. geta nýtt þekkingu sína til faglegrar nálgunar við gerð meistaraverkefnis,
4. hafa tileinkað sér þau vinnubrögð, sem eru viðurkennd í kennslu listgreina, og geta beitt þeim á persónulegan hátt á faglegum grunni í meistaraverkefni sínu,
5. hafa getu og hæfni til að meta og greina vísindaleg gögn,
6. vera læsir á rannsóknir á sviðum kennslu og lista og niðurstöður þeirra,
7. hafa hæfni til að ígrunda og meta eigin frammistöðu,
8. geta beitt þekkingu sinni og færni til að skrásetja niðurstöður, verkefni eða viðburði á viðeigandi
9. geta beitt færni sinni og miðlað niðurstöðum sínum og hugmyndum á skýran hátt eftir eðli verkefnis.

**Námsmat:** Utanaðkomandi prófdæming og matsfundur

**Umsjónarkennari:** Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

**Kennari:** Viðkomandi leiðbeinandi

### **Læsi og stafrænir miðlar í kennslu**

**LSM0004MK**

6 ECTS

Skyldunámskeið á 1. misseri eða 3. misseri

### **Lýsing**

Námskeiðið er tvískipt, annars vegar fræðileg nálgun á læsi og hins vegar verklegar tilraunir með möguleika starfæna miðla í listkennslu. Á námskeiðinu glíma nemendur við hugtökin læsi, sköpun og samskipti, ekki síst með tilliti til merkingar, túlkunar og skilnings. Hvað gæti til að mynda falist í hugtakinu samsköpun (samskipti + sköpun = samsköpun) þegar fólk skrifar texta eða les hann? Nemendur bera einnig saman hefðbundið læsi og nýlæsi (miðlalæsi, víðlæsi) og velta fyrir sér hvers eðlis hið síðarnefnda sé og hver þáttur þess geti verið í námi og starfi. Jafnframt rannsaka nemendur tjáningarform þar sem fleiri en eitt táknerfi eða mál koma við sögu, t.d. leikrit eða lifandi myndir, og huga að sérstöðu þeirra og tjáningarmætti. Þeir huga að samvirkni þátta í slíkri miðlun eða listsköpun, t.d. tengslum mynda og prentmála í teiknimyndasögum eða tengslum tals, tónlistar og hljóðmyndar í útvarpsefni.

Í seinni hluta námskeiðsins rannsaka nemendur möguleika kviku, hljóðs og ljósmyndunar til notkunar í kennslu þar sem þeir nýta sér hugmyndir um læsi. Í hverri einingu er tekin fyrir skissuvinna, lýsing, klipping, hljóðvinnsla, eftirvinnsla, frágangur og framsetning. Nemendur vinna verkefni sem þeir tengja við kennslufræðilegar áherslur sínar.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- hafa skilning og þekkingu á ólíkum hugmyndum um hugtakið læsi,
- geta tengt hugmyndir um læsi við sköpun og samskipti,

- hafa tæknilega kunnáttu við gerð kennsluefnis með notkun vídeós, ljósmynda eða hljóðtækni,
- hafa skilning og færni til þess að skipuleggja vinnsluferli fyrir verkefni þar sem unnið er með vídeó, ljósmyndir eða hljóðtækni,
- geta skilgreint og rökstutt hvenær vídeó, ljósmyndun og hljóðtækni gæti gagnast í kennslu.

**Námsmat:** Verkefnaskil

**Umsjónarkennari:** Björgvin Ívar Guðbrandsson

**Kennarar:** N.N.

## **Manngert umhverfi og menningalæsi**

**MUK0004MK**

4 ECTS

### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður fjallað um mannert umhverfi í víðum skilningi. Áhersla verður lögð á að auðga fræðilegan og sögulegan skilning á manngerðu umhverfi og rýnt verður í þátt þess í mótun samfélagsins og samfélagsins í mótun þess. Leitast verður við að sýna fram á möguleika á því að tengja jafnt sögulegan sem formrænan skilning á manngerðu umhverfi inn í mismunandi áfanga skólastarfsins á ólíkum stigum en þó með áherslu á framhaldsskólastig og list- og hönnunarkennslu þar. Tekin verða dæmi til umfjöllunar og nemendum fengin verkefni til að glíma við. Fjallað verður um allt frá nytjahönnun og auglýsingum til arkitektúrs í víðum skilningi. Litið verður til samhengis í umhverfinu, jafnt í byggingum og innréttingum sem öðru manngerðu umhverfi, og það tengt samfélagsrýni og markaðssetningu. Umfjöllun verður tengd ýmsum kenningum um menningarlæsi - læsi á mannert umhverfi.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

þekkja helstu stefnur og strauma sem mótað hafa viðhorf okkar til manngerðs umhverfis, hafa færni til þess að tengja mismunandi sjónarhorn á mannert umhverfi kennslu sjónlista, með áherslu á þátt menningarlæsis, geta nýtt sér dæmi úr nærumhverfi sem grunn í kennslu ólíkra viðfangsefna innan sjónlistakennslu, hafa þekkingu á og geta tileinkað sér hugmynda- og aðferðafræði í hönnun og arkitektúr í nútímasamfélagi, hafa myndað sér hugmyndir um hvernig nýta má mannert umhverfi á þverfaglegan hátt í skólastarfi, með það að markmiði að efla læsi á það hafa þekkingu og færni til þess að til þess að stýra og koma af stað umræðum um álitamál í þróun og hönnun manngerðra hluta og umhverfis, geta skynjað og skilið mikilvægi umfjöllunar um mannert umhverfi í skólum sem þátt í nýsköpunarstarfi, þekkja til fjölbreytilegra möguleika á samþættingu efnis um mannert umhverfi við list- og hönnunargreinar og fjölmargar aðrar greinar skólans á ólíkum skólastigum, geta unnið sjálfstætt og skipulega að öllum viðfangsefnum.

**Námsmat:** Ástundun og verkefni

**Umsjónarkennari:** Elísabet V. Ingvarsdóttir

**Kennarar:** N.N.

## **Málstofa I: ritun fræðilegs texta**

## **MÁR0102MK**

2 ECTS

Skylda fyrir meistaranema

### **Lýsing**

Námskeiðið miðar að því að leiðbeina nemendum og styðja þá við að vinna hugmynd sem síðar verður útfærð sem verkefni til meistaraþráðu, jafnframt því að fá yfirsýn yfir helstu þætti sem þarf að hafa í huga við gerð verkefnisins s.s rannsóknarspurningu, fræðilegan grunn, umræður og niðurstöður. Námskeiðinu er ætlað að þjálfa nemendur í gagnrýnni umræðu og mati á ólíkum möguleikum meistaraverkefna. Hver nemandi kynnir hugmyndir sínar og fær ábendingar og leiðbeiningu frá samnemendum sínum og kennurum. Nemendur verða kynntir fyrir aðferðum til að skrifa fræðilega texta á sem lipurlegastan hátt með áherslu á að byggja texta upp frá inngangi yfir í megintexta og niðurstöður og halda þræðinum saman frá upphafi til enda. Helstu aðferðir í ritun fræðilegra texta eru kynntar og bornar saman, m.a. með því að kryfja texta úr eldri meistaraverkefnum. Nemendur ljúka einu skriflegu verkefni á námskeiðinu þar sem þeir eru leiddir í gegnum ferlið frá því að finna rannsóknarspurningu yfir í að skrifa útdrátt og kynna verkefnið fyrir samnemendum.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- geta nýtt þekkingu sína, skilning og innsæi til faglegra vinnubragða við val og undirbúning meistaraverkefnis, og hafa innsýn í fjölbreyttar gerðir meistaraþrófsverkefna,
- geta með sjálfstæðum hætti unnið úr fyrra námi og valið sér svið og efni í meistaraverkefni, ásamt því að geta lagt mat á meistaraverkefni annarra með gagnrýnum og uppbyggilegum hætti,
- geta tekið þátt í umræðum um meistaraverkefni á jafnréttisgrundvelli og geta tekið afstöðu í gagnrýnni orðræðu um listir, menntun og menningu,
- þekkja grunnþætti í ritun fræðilegra texta, þ.e. form, uppbyggingu, rannsóknarspurningar, fræðilegan grunn, umræðu og niðurstöður,
- geta tekið saman á skýran hátt rannsóknir á tilteknu sviði (literature review),
- þekkja fræðileg vinnubrögð hvað varðar tilvísanir, heimildayfirlit og svo framvegis,
- geta fjallað um flókin hugtök og hugmyndir á sem einfaldastan og skilvísastan hátt, og komið niðurstöðum eigin rannsóknar skilmerkilega til skila.
- kunna að skrifa samantektir (synopsis) og útdrátt (abstract).

**Námsmat:** Símat, verkefni og kynning.

**Umsjónarkennari:** Ellen Gunnarsdóttir

**Kennarar:** N.N.

## **Málstofa II: Miðlun fræðilegrar vinnu**

### **MÁL0200MK**

0 ECTS

Skylda fyrir meistaranema

Forkröfur: Málstofa I: Ritun fræðilegs texta

### **Lýsing**

Málstofur eru vettvangur nemenda til að kynna eigin verk og kynnast verkum samnemenda sinna. Að sama skapi veitir málstofan nemendum aðhald við gerð meistaraverkefna.

Meistaraneimar kynna verkefni sín tvisvar í málstofum. Fyrst kynna þeir verkefnið meðan á vinnuferlinu stendur. Samtal og umræða um verkefnið meðan á því tímabili gefur forsendu til endurgjafar frá samnemendum og gagnkvæman stuðning. Málstofur skapa tækifæri til skoðanaskipta um inntak, aðferðafræði og önnur álitamál. Seinni málstofan er opin og þar kynna nemendur meistaraverk sitt á lokastigum. Kynningar á meistaraverkefnum nemenda eru opinber vettvangur gagnrýnnar og uppbyggilegrar umræðu um listkennslu.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

1. geta á hnitmiðaðan hátt dregið fram aðalatriði meistaraverkefnis og kynnt fyrir samnemendum,
2. geta nýtt þekkingu sína, skilning og færni til faglegrar nálgunar í umræðum um meistaraverkefni,
3. geta beitt þeim tækjum og tólum sem fagleg kynning gerir kröfur um,
4. geta útskýrt eigin hugmyndir og úrlausnir,
5. geta fært rök fyrir inntaki og efnistöfum meistaraverkefnis,
6. geta skilgreint eigin aðferðafræði, fræðilegar nálganir og verklega útfærslu eigin hugmynda,
7. geta skilgreint eigin stöðu og túlkað það vægi sem meistaraverkefnið hefur á sviði listkennslu,
8. hafa hæfni til að ígrunda og meta eigin frammistöðu.

**Námsmat:** Málstofukynningar, virkni og þátttaka í tímum

**Umsjónarkennari:** Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

**Kennarar:** N.N.

### **Námsefnisgerð**

**NÁM0004MK**

4 ECTS

### **Lýsing**

Fjallað er um námsefni og námsgögn sem notuð eru hér á landi, einkum á grunnskólastigi. Einnig eru skoðuð nokkur dæmi um erlend námsgögn. Leitað er svara við spurningunni: Hvert er hlutverk námsgagna? Rýnt er í ólíkar gerðir námsgagna og ýmiss konar námsefni er kannað og greint með hliðsjón af greiningarlykli. Skoðað er með dæmum hvernig fræðileg afstaða er útfærð í námsefni til dæmis í tengslum við kennsluáferðir. Rætt er um lykilhugtök í námsefnisgerð og fjallað um rannsóknir og kenningar í tengslum við hana. Nemar spreyta sig á gerð verklýsingar fyrir námsefnisgerð að eigin vali. Ef tími gefst búa nemar til sitt eigið stafræna efni með notkun sérstaks opins forrits og kynna það fyrir námshópi.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa kynnt sér ólíkar gerðir námsefnis,
- gera sér grein fyrir ólíkum áherslum í námsefni með hliðsjón af námsgrein, aldri og þroska nemenda, fræðilegri sýn og fleira, meðal annars út frá notkun greiningarviðmiða,
- hafa kynnt sér rannsóknir og kenningar í tengslum við námsefnisgerð,
- þekkja til helstu atriða sem hafa þarf í huga við gerð námsefnis,
- hafa þjálfast í að útbúa verklýsingu fyrir námsefnisgerð.

**Námsmat:** Skrifleg verkefni, s.s. greining á námsefni og gerð verklýsingar, kynning í tengslum við stafræna efnisgerð.

**Umsjónarkennari:** Torfi Hjartarson

**Kennarar:** N.N.

## **Rannsóknarþjálfun**

**RAN0010MK**

10 ECTS

### **Lýsing**

Námskeiðið er sameiginlegur vettvangur fyrir meistaranema til að þróa sín eigin viðfangsefni á sviði rannsókna, öðlast þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum og færni í rannsóknatengdum verkefnum sem og miðlun þeirra. Því er ætlað að vera nemendum hvatning til að líta á viðfangsefni sín frá sjónarhorni rannsakandans og annarra faggreina en þeirra eigin. Námskeiðið er byggt upp af þremur meginstöðum: fræðilegum vinnubrögðum, aðferðafræði rannsókna og miðlun.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- kunna skil á fræðilegum vinnubrögðum, heimildanotkun og þekkja til helstu rannsóknaraðferða í kennslu og listum,
- þekkja helstu gagnasöfn er tengjast viðfangsefnum þeirra og tileinka sér notkun á þeim,
- hafa afmarkað rannsóknarsvið sem tengjast viðfangsefnum þeirra í meistaranáminu og
- geta valið viðeigandi aðferðir til að fylgja eftir rannsóknaráætlun,
- hafa innsýn í greiningu gagna og úrvinnslu þeirra,
- geta miðlað rannsóknarniðurstöðum á greinargóðan hátt, hvort sem er með munnlegum, skriflegum eða listrænum hætti,
- geta tekið þátt í uppbyggilegri gagnrýni og umræðum um rannsóknatengd vinnubrögð og viðfangsefni, bæði um eigin verk og annarra.

**Námsmat:** Þátttaka, virkni og verkefni

**Umsjónarkennari:** Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

**Kennarar:** N.N.

## **Sálfræði**

**SÁL0206MK**

6 ECTS

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er fjallað um nám og þroska út frá ólíkum kenningum sálfræðinnar og hvernig þær geta nýst í kennslu. Fjallað er um sálfélagslegan og hugrænan þroska, greind, kynjamun, minni, áhugahvöt og agastjórnun. Einnig eru kynntar ýmsar kenningar um samskipti og leiðir til að styrkja sjálfsmat og félagsfærni nemenda. Auk þess er rætt um samskipti kennara við nemendur með tilfinninga- og hegðunarraskanir af ýmsu tagi.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja til helstu kenninga og kenningasmiða í náms- og þroskasálfræði
- og geta nýtt sér þær við skipulag kennslu og í samskiptum við börn,
- hafa myndað sér skoðun á helstu hugtökum og aðferðum í agastjórnun og geta beitt þeim
- við hæfi í tali og skrifum,
- vera betur undirbúnir fyrir þau fjölbreyttu samskipti sem kennarastarfið felur í sér.

**Námsmat:** Viðvera, virkni og verkefnaskil

**Umsjónarkennari:** Guðbjörg Daníelsdóttir

### **Sjálfstætt verkefni**

**SÉR000MK**

2-6 ECTS

#### **Lýsing**

Námskeiðinu er ætlað að gefa nemendum möguleika á að dýpka þekkingu sína á kennslu í sinni listgrein. Ætlast er til að nemendur kynni sér nánar lesefni á fræðasviðinu, fjalli um það í verkefninu og tengi viðfangsefnið eigin reynslu og þekkingu. Æskilegt er að efnið tengist skólaumhverfi og þjóðfélagsaðstæðum. Nemendur leggja fram skipulag vinnunnar og verkefnisins fyrir leiðbeinanda til samþykktar og handleiðslu.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa dýpkað þekkingu sína og skilning á völdu efni varðandi kennslu,
- hafa fjallað um efnið á ígrundaðan hátt þar sem reynsla og þekking fléttast saman,
- hafa gert sér grein fyrir tengslum verkefnisins við aðra þætti í skólustarfi og menntun eftir því sem við á.

**Námsmat:** Greinagerð

**Umsjónarkennari:** N.N.

### **Skapandi skrif í skólastofunni**

**SKS0004MK**

4 ECTS

Skylda fyrir sviðslistafólk

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu fá nemendur að spreyta sig á fjölbreyttum aðferðum við að skrifa texta í ýmsu samhengi. Áhersla er lögð á aðferðir sem leysa sköpunarkraftinn úr læðingi og losa um hömlur.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- hafa öðlast aukið sjálfstraust til að tjá sig í rituðu máli,
- hafa á takteinum fjölbreyttar aðferðir við að skrifa texta í ýmsu samhengi,
- geta beitt sjálfstæðum vinnubrögðum við textaskrif,
- þekkja leiðir til að virkja eigin sköpunarkraft í skrifum.



**Námsmat:** Verkefni, þátttaka og virkni  
**Umsjónarkennari:** Aðalsteinn Ásberg

**Styrkumsóknir: skapandi greinar**  
**LSF0002MK**  
2 ECTS

### Lýsing

Á námskeiðinu verður unnið með þá þætti sem góð styrkumsókn þarf að innihalda. Kynntar verða viðurkenndar aðferðir við uppbyggingu styrkumsókna fyrir fjölbreytta styrksjóði. Skoðaðar verða umsóknir fyrir helstu sjóði sem í boði eru á Íslandi og hvaða áherslur eru mikilvægar hjá hverjum sjóði. Fulltrúar frá Rannís munu koma á námskeiðið og fjalla um þeirra aðferðafræði við að meta umsóknir í þeirra sjóði. Kynnt verða helstu atriði í verkefna- og tímastjórnun sem koma þarf fram í styrkumsóknum. Markmið námskeiðsins er að miðla nemendum fjölbreytta þekkingu og tól sem nýtast við að sækja fjármagn. Læra að meta hugmyndir sínar frá fleiri en einni hlið. Nemendur eiga að loknu námskeiðinu að hafa aukið hæfni sína og þekkingu til að vera vel undir það búnir að vinna styrkumsóknir.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að geta:

- skrifað umsókn fyrir valinn styrktarsjóð,
- sett fram verkáætlun í styrkumsókn,
- sett fram fjárhagsáætlun fyrir styrkumsókn,
- fært rök fyrir mikilvægi verkefnis,
- fjallað um eigin umsókn og lagfært út frá viðbrögðum samnemenda,
- veitt samnemendum gagnrýni við ritun styrkumsókna.

**Námsmat:** Verkefni og virkni í tímum.  
**Umsjónarkennari:** Karólína Stefánsdóttir  
**Kennarar:** N.N.

**Sýning – flutningur**  
**SÝN0101MK**  
2 ECTS

### Lýsing

Námskeiðinu er ætlað að gefa nemendum möguleika á að vinna með viðfangsefni listkennslu og miðlunar í sinni listsköpun. Nemendur setja verk upp eða miðla því á viðeigandi hátt innan eða utan húsnæðis listkennsludeildar. Inntak verka eða miðlunarform skal tengjast listkennslu eða miðlun en ekki er um fyrirframgefin form að ræða. Ætlast er til að nemendur vinni sjálfstætt og leggja fram áætlun um vinnu fyrir umsjónarkennara námskeiðs til handleiðslu. Nemendur skila skriflegri umfjöllun um verk.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- geta sýnt eigin listsköpun í samhengi við kennslu- og miðlunarfræði,
- geta fjallað um tengsl fræða og framkvæmdar,
- geta greint frá frumleika, innsæi og hugmyndaauðgi við þróun og gerð eigin verka.

**Námsmat:** Sýning eða flutningur á verki og skrifleg umfjöllun  
**Umsjónarkennari:** Gunndís Yr Finnbogadóttir

### **Tálgað og tengt við náttúruna**

**TÁL0102MK**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu læra nemendur grunnhandbrögð við tálgun úr ferskum við, fá fræðslu um skógarnytjar í nærumhverfinu, læra að þekkja nokkrar helstu trjátegundir og tengja saman ytra form og innri gerð trjáanna. Þau kynnst því hvaða áhrif mismunandi ræktunaraðstæður og umhirða trjáa hafa á gæði og form viðarins.

Í námskeiðinu verða kynntar hugmyndir um útikennslu og gildi þess að vinna með tálgun úr náttúrulegu efni sem leið til sjálfstyrkingar og samtengingu handa og hugar. Þá verður farið í gönguferð með heimspekingi sem mun fjalla um náttúruna út frá fagurfræðilegu sjónarhorni. Námskeiðið endar á dagsferð í Kjós þar sem hópurinn nýtur þess að dvelja daglangt í skógi og upplifa hann á fjölbreyttan hátt með öllum skynfærum.

#### **Hæfniviðmið:**

Við lok námskeiðsins geta nemendur:

- beitt grunn-handbrögðum við tálgun úr ferskum við með hníf og öxi,
- valið fjölbreytt hráefni til listsköpunar úr íslenskum skógi,
- komið auga á og nýtt sér möguleika til hönnuar- og/eða listkennslu utandyra,
- sett náttúruupplifun að einhverju leyti í fagurfræðilegt samhengi.

**Námsmat:** Mæting, virkni og verkefni unnin í tímum.

**Umsjónarkennari:** Ólafur Oddson

**Kennarar:** NN

### **Umsjónarkennarinn**

**UMS0202MK**

2 ECTS

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður sjónum beint að mikilvægi umsjónarkennarans í almennu skólastarfi og því sem kalla má hinar þrjár víddir umsjónarkennarastarfsins. Fyrsta víddin snertir persónuleg **viðhorf** umsjónarkennarans og snýst um samskiptahliðina; við nemendur og forráðamenn þeirra, aðra kennara og stuðningsaðila innan skólans og samskipti nemenda í milli. Önnur víddin snertir það **umhverfi** sem umsjónarkennarinn starfar í; skóla margbreytileikans, fjölmenningslegt samfélag og nemendur með sértæka námsörðugleika. Margvísleg **viðfangsefni** tilheyra þriðju víddinni; forvarnir, heilsuvernd, velferð og þróunarstarf.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- geta valið og rökstutt leiðir og úrræði í aga og bekkjarstjórnun,

- hafa innsýn í hlutverk umsjónarkennarans sem leiðandi aðila í samskiptum við nemendur, forráðamenn, aðra kennara og stuðningsaðila,
- kunna skil á helstu viðfangsefnum umsjónarkennarans; s.s forvörnum, heilsuvernd og þróunarstarfi,
- þekkja til kenninga um skóla margbreytileikans,
- hafa innsýn í einstaklingsmiðað skólastarf.

**Námsmat:** Símat með áherslu á einstaklings- og hópverkefni

**Umsjónarkennari:** Ingimar Ólafsson Waage

**Kennarar:** N.N.

### **Verkefnastjórnun**

**VST0006MK**

6 ECTS

Skyldunámskeið á 1. misseri

### **Lýsing**

Á námskeiðinu skipuleggja nemendur sjálfstæð verkefni í tengslum við atvinnulífið. Farið er yfir aðferðir við þróun, skipulagningu og stjórnun nýrra listviðburða og rýnt í áætlanagerð, fjáröflun, áhættumat, markmiðasetningu, kynningarmál, tengslanet, framkvæmd og matsaðferðir. Nemendur vinna að eigin verkefni sem einstaklingar eða í hópum.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- þekkja til skipulagningar, stjórnunar og kynningar á listviðburðum og hafa öðlast færni í slíkri vinnu,
- þekkja möguleika og aðferðir við markaðssetningu á listviðburðum,
- geta sett hugmyndir sínar skilmerkilega fram í samræmi við tilgang og markmið og geta lagt mat á styrkleika þeirra og veikleika,
- kunna skil á matsaðferðum til að geta lagt heiðarlegt og sanngjarnt mat á viðburði að þeim loknum, og jafnframt stutt það fjölbreyttum rökum út frá ólíkum sjónarhornum,
- gera sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum sem verkefnastjórar og hvernig nýta má styrkleikana og bæta upp veikleikana,
- geta sýnt frumleika í þróun og nýtingu hugmynda í kennslu og listmiðlun,
- geta átt frumkvæði að verkefnum í kennslu í listgreinum, stýrt þeim verkefnum og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa,
- hafa hæfni til að leiða ólíka hópa í listrænum verkefnum og geta haft frumkvæði að samtali milli ólíkra listgreina.

**Námsmat:** Þátttaka, virkni og verkefnaskil

**Umsjónarkennari:** Frímánn Sigurðsson

**Kennarar:** N.N.